

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/97**  
**komudagur 30.10.2013**

30.10.2013  
1A3g/78/211/LÓ/ló

Alþingi, nefndasvið,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Efni: Þingskjal 24. – 24. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur athugasemd við 3. gr. frumvarpsins þar sem umsjónaraðila sjúkraskrár er ætlað að meta hagsmuni aðstandenda sem óskar eftir upplýsingum úr látins einstaklings. Að mati HH er það ekki hlutverk umsjónaraðila sjúkraskrár að meta slíka hagsmuni. Það sé dómstóla að gera það.

Á mikilvægu atriði er ekki tekið í frumvarpinu, sem er þegar óskað er upplýsinga úr sjúkraskrá um heilsufar einstaklinga sem hafa fullt lögræði en eru samt sem áður ófærir um að skilja og verja hagsmuni sína vegna heilabilunar. Nokkuð er um að beðið er um upplýsingar úr sjúkraskrár fólks sem svo er ástatt um vegna erfðamála o.fl. Vill HH því ítreka að í lögum um sjúkraskrár verði grein sem tekur á þessu viðfangsefni svo lækna séu ekki að gefa vottorð um heilsufar sjúklinga utan laga og réttar. Í þessu sambandi vill HH vísa til umsagnar sinnar um þingskjal 639 - 497 mál, frumvarp til laga um breytingu lögum um sjúkraskrár (aðgangsheimildir) frá 8. mars 2013.

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson  
lækningaforstjóri